

Menntaskóli í tónlist

Sjálfsmatsskýrsla

Skólaárið 2020-2021

Um skólann

Menntaskóli í tónlist er nýr framhaldsskóli sem tók til starfa árið 2017. Í apríl 2016 samþykkti þáverandi ríkisstjórn tillögu mennta- og menningarmálaráðherra um að stofnaður yrði sérstakur framhaldsskóli í tónlist, byði upp á framhaldsskólanám með sérstaka áherslu á hljóðfæraleik og söng og ættu nemendur að geta lokið stúdentsprófi frá skólanum með aðaláherslu á tónlist. Gert var ráð fyrir samningi um kennslu allt að 200 nemenda og að þjóna ætti nemendum af landinu öllu. Í framhaldinu var auglýst eftir aðilum til að stofna og reka framhaldsskóla í tónlist. Niðurstaðan var sú að tilboði Tónlistarskólans í Reykjavík og Tónlistarskóla FÍH var tekið og stóðu þessir tveir rótgrónu tónlistarskólar að stofnun skólans.

MÍT varð þannig fyrsti skólinn til þess að hljóta viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi til kennslu í tónlist og á sér sterkan faglegan bakgrunn í skólunum tveimur sem stóðu að stofnun hans. Þetta var mikilvægt skref í að efla tónlistarmenntun á framhaldsskólastigi á Íslandi og með þessari aðgerð varð tónlistarmenntun hluti af almenna skólakerfinu.

Skólaárið 2020-2021 var skólinn á fjórða starfsári sínu en skólaárið 2018-2019 fór í fyrsta sinn fram sjálfsmat skólans. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir þeim þáttum sem lögð var áhersla á í Innra mati Menntaskóla í tónlist skólaárið 2020-2021. Sjálfsmat skólans er hluti af lögbundinni starfsemi hans en tilgangur þess er fyrst og fremst að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Veturinn 2020-2021 einkenndist af samkomutakmörkunum vegna COVID-19. Nokkrar kannanir voru lagðar fyrir nemendur, bæði á haust- og vorönn, en engir vinnufundir voru haldnir með kennurum.

Hlutverk

Menntaskóli í tónlist býður upp á fjölbreytt og metnaðarfullt tónlistarnám fyrir nemendur sem langar til að gerast atvinnumenn í tónlist, vinna störf í tónlistarlífinu, eða vilja stunda skapandi og krefjandi nám í tónlist. Hlutverk skólans felst í því að undirbúa tónlistarnemendur undir háskólanám og atvinnumennsku í tónlist og jafnframt að veita nemendum staðgóða menntun í tónlist sem nýtist þeim vel sama hvað þeir taka sér fyrir hendur á lífsleiðinni. Í Menntaskóla í tónlist eru öflug klassísk og rytmísk deild en það gerir nemendum betur kleift að móta nám sitt eftir eigin áhugasviðum og hæfileikum. Þannig er auknum kröfum samfélagsins og tónlistarlífsins mætt á áhugaverðan hátt en síaukin eftirspurn er eftir því að tónlistarmenn geti

brugðist við ólíkum aðstæðum og séu vel heima í ólíkum tónlistarstefnum (Menntaskóli í tónlist, 2018).

Markmið

Með námi við Menntaskóla í tónlist er lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og lögð áhersla á að veita nemendum trausta grunnmenntun í tónlist, bæði þeim sem hyggjast starfa sem tónlistarmenn, við ýmis störf í tónlistarlífinu og einnig sem undirbúningur undir fjölbreytt nám og störf. Við skólann geta nemendur lokið stúdentsprófi með tónlist sem aðalnámsgrein og stundað áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsskólastigi. Nemendur geta valið á milli þess að sérhæfa sig í klassískri eða rytmískri tónlist í hljóðfæraleik eða söng. Nemendur geta mótað námið að eigin áhugasviði og sótt námskeið á ólíkum sviðum tónlistar. Lögð er sérstök áhersla á samleik og samvinnu nemenda og fá nemendur þjálfun í hljómsveitarleik og fjölbreyttu samspili. Jafnframt er lykilatriði að allir nemendur fái haldgóða kennslu í fræðigreinum tónlistar. Markmið skólans er að skapa umhverfi þar sem nemendur geta notið þess atlætis og þjálfunar sem nauðsynleg er til þess að þeir geti þroskast sem listamenn og skapandi einstaklingar. Þar er því boðið upp á breitt námsframboð á ólíkum sviðum tónlistar svo nemendur hafi aðgang að fjölbreyttum námskeiðum og geti dýpkað þekkingu sína á ólíkum sviðum tónlistar (Menntaskóli í tónlist, 2018).

Stefna skólans

- Að undirbúa nemendur markvisst undir háskólanám og tónlistarstörf.
- Að veita nemendum staðgóða tónlistarmenntun sem nýtist þeim vel sama hvað þeir taka sér fyrir hendur.
- Að leggja sérstaka rækt við samleik og samvinnu nemenda með því að standa að öfluglu hljómsveitarstarfi og fjölbreyttum samspilsverkefnum í minni og stærri hópum.
- Að skapa frjótt skólaumhverfi þar sem nemendur fá nauðsynlegan undirbúning til að stunda háskólanám í tónlist og starfa sem tónlistarmenn.
- Að ráða færustu sérfræðinga sem völ er á til kennslu.
- Að hvetja nemendur til þess að iðka og hlusta á fjölbreytta tónlist, fara á tónleika, lesa sér til, hrífast og öðlast bætta skilning á listinni sem þeir iðka.

- Að stuðla að jafnrétti til tónlistarnáms og auknum tækifærum fyrir efnilega tónlistarnemendur til að sækja besta tónlistarnám sem völ er á óháð efnahag og búsetu.
- Að auka námsframboð til þess að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til tónlistarmanna í samtímanum.
- Að gefa nemendum tækifæri á aukinni sérhæfingu í ólíkum stíltegundum tónlistar.
- Að bjóða upp á hagnýt námskeið um störf tónlistarmanna.

Nemendur og nám

Eftirfarandi námsbrautir eru í boði við Menntaskóla í tónlist:

Nám til stúdentsprófs

Þar er lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og er námið valkostur fyrir þá sem stefna að því að hafa tónlist að atvinnu. Alls er námið 200 einingar og þar af 98 kjarnagreinar í tónlistargreinum. Nám í almennum bóknámsgreinum á brautinni miðast við skólanámskrá Menntaskólans við Hamrahlíð. Í boði eru þrjár námsbrautir til stúdentsprófs:

1. Stúdentsbraut í klassískri tónlist.

Á brautinni er megináhersla á klassíska tónlist en nemendur geta einnig sótt nám á ólíkum tónlistarsviðum og gefst þannig færi á að aðlaga námið eigin þörfum og áhugasviðum.

Nemendur velja sér aðalnámsgrein svo sem hljóðfæraleik, söng eða bóklegar greinar á sviði klassískrar tónlistar (Menntaskóli í tónlist, 2018).

2. Stúdentsbraut í rytmískri tónlist.

Á brautinni er megináhersla á rytmíska tónlist en nemendur geta einnig sótt nám á ólíkum tónlistarsviðum og gefst þannig færi á að aðlaga námið eigin þörfum og áhugasviðum.

Nemendur velja sér aðalnámsgrein svo sem hljóðfæraleik, söng eða bóklegar greinar á sviði rytmískrar tónlistar (Menntaskóli í tónlist, 2018).

3. Stúdentsbraut á popplínu

Námið er einstaklingsmiðað og miðar að því að treysta grunn nemenda í sem flestum hliðum popptónlistar samtímans. Í brautarkjarna eru m.a. lagasmíðar, hljóðtækni, upptökustjórnun, raftónlist og verkefnastjórnun. Gert er ráð fyrir námi á aðalhljóðfæri/söng öll árin. Valgreinar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja valnámsskeið á ólíkum sviðum tónlistar

Nám til lokaprófs á 3. hæfniprepi.

Lokaprófið krefst 150 eininga í tónlistarnámi. Námið er skipulagt sem grunnmenntun á sviði tónlistar fyrir þá sem hyggjast gerast atvinnumenn í tónlist eða búa sig undir áframhaldandi nám. Brautin hentar þeim nemendum vel sem stunda nám við aðra framhaldsskóla eða hafa áhuga á að stunda áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsstigi. Einnig er unnt að ljúka 95 eininga framhaldsprófi í klassískri tónlist samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Í boði eru:

1. Almenn braut í klassískri tónlist.

Nemendur velja sér aðalnámsgrein sem getur verið hljóðfærалеikur, söngur, tónsmíðar eða fræðigreinar á sviði klassískrar tónlistar. Valeiningar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja námskeið á ólíkum sviðum tónlistar (Menntaskóli í tónlist, 2018).

2. Almenn braut í rytmískri tónlist.

Nemendur velja sér aðalnámsgrein sem getur verið hljóðfærалеikur, söngur, tónsmíðar eða fræðigreinar á sviði rytmískrar tónlistar. Valeiningar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja námskeið á ólíkum sviðum tónlistar (Menntaskóli í tónlist, 2018).

3. Almenn braut á popplínu

Námið er einstaklingsmiðað og miðar að því að treysta grunn nemenda í sem flestum hliðum popptónlistar samtímans. Í brautarkjarna eru m.a. lagasmíðar, hljóðtækni, upptökustjórnun, raftónlist og verkefnastjórnun. Gert er ráð fyrir námi á aðalhljóðfæri/söng öll árin. Valgreinar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja valnámsskeið á ólíkum sviðum tónlistar.

Á haustönn 2020 voru 205 nemendur við staðnám í MÍT. Að auki voru 38 gesta- og fjarnámsnemar við skólann. Aldursbil þeirra var býsna breitt, þeir yngstu voru fæddir árið 2007 en um 22 nemendur voru fæddir fyrir árið 1991. Flestir eru nemendurnir á hinum dæmigerða aldri framhaldsskólanema en hópur nemenda er á milli 20 og 30 ára. Nokkuð er um að nemendur á grunnskólaaldri stundi nám við skólann þar sem þeir eru komnir á framhaldsstig í tónlistarnámi (Menntaskóli í tónlist, 2018; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2019).

Starfsfólk

Starfsfólk við skólann á haustönn 2020 voru alls 81 í 29,9 stöðuhlutföllum.

Vegna hagræðingar og endurskipulagningar skrifstofu um áramót var starfsfólk á vorönn alls 78 í 27 stöðuhlutföllum. Þar vegur þyngst að skorið var niður um heilt stöðuhlutfall í stjórnun um áramót.

Á vorönn voru kennarar 73 í 23 stöðugildum. Karlar voru talsvert fleiri í hópi kennara og starfsfólks, en á vorönn voru 30 konur á móti 48 körlum.

Sjálfsmat skóla

Í skólanámskrá Menntaskóla í tónlist er fjallað um sjálfsmat og gæðamál og lagður grunnur að framkvæmd innra mats. Þar segir:

Sjálfsmat skólans er hluti af lögbundinni starfsemi hans. Tilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Sjálfsmat skólans nær til skólastarfsins í heild sinni og í sjálfsmatsskýrslu sem skólinn vinnur árlega er tekið mið af ólíkum þáttum líkt og kennslu, stjórnun, rekstrarþáttum, samskiptum, samvinnu og annarra þátta sem tengjast skólanum. Sjálfsmatið er unnið í nánnum tengslum við skólanámskrá og stefnu skólans. Niðurstöður sjálfsmatsskýrslunnar eru leiðbeinandi fyrir skólaþróun og umbætur í skólastarfinu. Við gerð sjálfsmatsskýrslunnar er tekið mið af starfsmannafundum og starfsmannaviðtölum sem fara fram með reglubundnum hætti. Jafnframt er tekið mið af viðhorfs- og áfangakönnun nemenda. Sjálfsmatið er því samantekt fjölmargra athugana og kannana sem teknar hafa verið saman með hliðsjón af viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um sjálfsmat. Skólameistari hefur

yfirumsjón með sjálfsmati en honum er heimilt að skipa nefnd skipaða kennurum til að vinna að sjálfsmatsskýrslu (Menntaskóli í tónlist, 2018).

Kannanir skólaárið 2020 - 2021

Skólaárið 2020-2021 var lögð áhersla á að kanna viðhorf nemenda til námsins á skólaárinu og að ná bæði utan um bóklegar greinar og einkakennslu en bróðurpartur hljóðfæra-/söngkennslunnar fer fram í einkatímum. Ástandið sem skapaðist í skólastarfi vegna heimsfaraldurs var fyrirferðarmikið í könnunum vetrarins. Einnig var lögð sérstök könnun fyrir nemendur á stúdentsbraut þar sem kallað var eftir viðhorfum nemenda til kennslufyrirkomulags og annarra þátta.

Vegna samkomutakmarkana var ekki haldinn vinnufundur með kennurum, þó að fjöldi rafrænna kennarafunda hafi verið haldnir.

Nemendakannanir:

Lagðar voru fyrir þrjár kannanir fyrir nemendur á skólaárinu. Tvær þeirra lituðust óhjákvæmilega af ástandinu sem hafði skapast vegna heimsfaraldurs kórónuvírussins. Almennt voru nemendur mjög jákvæðir í garð skólans og skólastarfsins. Nemendakannanir eru mjög mikilvæg innsýn í viðhorf nemenda til skólastarfsins og hafa nýst skólastjórnendum einkar vel við stefnumótun og skipulag skólastarfsins.

Nemendakönnun að hausti

Svarhlutfall var 54%

Spurt var eftirfarandi spurninga:


- 1. Hvernig hefur þér liðið í MÍT í haust?*
- 2. Hvernig gengur þér að stunda fjarnám?*
- 3. Eru sérstakir áfangar sem þú vilt taka fram að gangi vel eða illa? Hvað er það sem gengur vel eða illa?*
- 4. Finnst þér að skólastjórnendur eða kennarar gætu stutt betur við námið þitt í MÍT (varðandi fjarnámið eða annað). Ef já, hvernig mætti styðja betur við námið?*
- 5. Hversu mikilvægt finnst þér að samspils- og kammertónlistaráfangar séu kenndir á tímum samkomubanns?*

6. Er annað sem þú vilt taka fram?

1. Hvernig hefur þér liðið í MÍT í haust?

[More Details](#)


| | |
|--|----|
| ● mjög vel | 29 |
| ● frekar vel | 59 |
| ● frekar illa | 16 |
| ● mjög illa | 2 |



2. Hvernig gengur þér að stunda fjarnám?


[More Details](#)

| | |
|--|----|
| ● mjög vel | 25 |
| ● nokkuð vel | 54 |
| ● frekar illa | 23 |
| ● mjög illa | 4 |



5. Hversu mikilvægt finnst þér að samspils- og kammertónlistaráfangar séu kenndir á tímum samkomubanns?

[More Details](#)



mjög mikilvægt, ef sóttvörnum er framfylgt

frekar mikilvægt, finnst samt óþægilegt að vera í hóp

ekki mikilvægt, það á að forðast hópa

Nemendakönnun að vori

Svarhlutfall var 33,7%

Spurt var eftirfarandi spurninga:

1. *Hvernig hefur þér liðið í MÍT þetta skólaár?*
2. *Þegar á heildina er litið, hvernig finnst þér kennslan vera í MÍT?*
3. *Hvernig líkar þér kennslan í áföngunum sem þú hefur verið í á þessu skólaári?*
Eru sérstakir áfangar (einkatímar eða hóptímar) sem þú vilt taka fram að gangi vel, eða illa varðandi kennslu og námsefni?
4. *Finnst þér að skólastjórnendur eða kennarar gætu stutt betur við námið þitt við MÍT? Ef já, hvernig mætti styðja betur við námið?*
5. *Myndir þú vilja fá nýjan valáfanga í skólann? Ef já, hvers konar áfanga?*
6. *Er annað sem þú vilt taka fram?*

1. Hvernig hefur þér liðið í MÍT þetta skólaár?

[More Details](#)

| | |
|--|----|
| ● mjög vel | 23 |
| ● frekar vel | 35 |
| ● frekar illa | 7 |
| ● mjög illa | 0 |



2. Þegar á heildina er litið hvernig finnst þér kennslan vera í MÍT

[More Details](#)

| | |
|--|----|
| ● mjög góð | 36 |
| ● góð | 26 |
| ● frekar slök | 3 |
| ● slök | 0 |



Nemendakönnun lögð fyrir stúdentsbraut að vori

Svarhlutfall var %

Spurt var eftirfarandi spurninga:

- 1. Hver finnst þér vera helsti kosturinn við að geta stundað nám á stúdentsbraut í MÍT*
- 2. Hverjir eru helstu gallar námsfyrirkomulagsins á stúdentsbrautum MÍT*
- 3. Myndir þú vilja að stúdentsbrautir MÍT væru byggðar upp í bekkjakerfi með samfellda stundatöflu?*
- 4. Myndir þú vilja að bóklegir áfangar í kjarna væru allir kenndir í húsnæði MÍT?*
- 5. Hversu mikilvægt finnst þér núna að hafa aðgang að félagslífi og áföngum í MH?*
- 6. Er annað varðandi stúdentsbrautirnar sem þú vilt koma á framfæri?*

3. Myndir þú vilja að stúdentsbrautir MÍT væru byggðar upp í bekkjakerfi með samfellda stundatöflu?

[More Details](#)

| | |
|-------------------|----|
| ● já | 10 |
| ● nei | 9 |
| ● hef ekki skoðun | 3 |



4. Myndir þú vilja að bóklegir áfangar í kjarna væru allir kenndir í húsnæði MÍT?

[More Details](#)

| | |
|-------------------|----|
| ● já | 8 |
| ● nei | 11 |
| ● hef ekki skoðun | 3 |



5. Hversu mikilvægt finnst þér núna að hafa aðgang að félagslífi og áföngum í MH?

[More Details](#)

| | |
|--------------------|----|
| ● mjög mikilvægt | 14 |
| ● frekar mikilvægt | 4 |
| ● ekki mikilvægt | 4 |



Fjarnám og gestanemendur

Skólinn hefur boðið upp á fjarnám í tónfræðagreinum fyrir nemendur sem stunda nám í tónlistarskólum á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu, til þess að gera þeim kleift að ljúka fullgildu framhaldsprófi. Boðið var upp á fjarkennslu á fjarnámsvef MÍT í rytmískri og klassískri tónlistarsögu og rytmískri og klassískri hljómfraði til framhaldsprófs.

Fjarnámið er í stöðugri þróun og tók talsvert stökk á vorönn 2020, þegar færa þurfti allt skólastarfið til fjarnáms. Í ljós kom að mjög misjafnt er hvaða miðlar henta best til fjarkennslunnar eftir námsgreinum, og notuðu kennarar skólans fjölbreytta miðla til að ná til nemenda sinna.

Fáir nemendur hafa nýtt sér eiginlegt fjarnám við MÍT en hins vegar hafa nokkrir tugir nemenda frá öðrum tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu og nálægum sveitarfélögum stundað gestanám í bóklegum greinum skólans.

Skólinn hélt úti sérstökum fjarnámsvef með umtalsverðum kostnaði, sem nýttist einnig að ákveðnu leyti sem viðbót við staðkennslu, en sem áður segir hafa ekki margir nemendur stundað eiginlegt fjarnám við skólann á hverri önn. Upp komu ýmis vandræði við nýtingu fjarnámsvefsins, og nemendur kvörtuðu m.a. yfir að þurfa að nota önnur kerfi en Innu við námið. Einnig höfðu forráðamenn ekki yfirsýn yfir nám barna sinna innan fjarnámskerfisins. Á vorönn 2021 var því tekin sú ákvörðun að taka upp kennslukerfi Innu, færa stafrænt námsumhverfi alfarið inn í það kerfi og taka fjarnám skólans til endurskoðunar. Ljóst er að frekari stefnumótun og þróun þarf að eiga sér stað um fjarnámið til þess að það virki sem best fyrir nemendur, á næstu misserum verður farið í endurskipulag fjarnámsins og stefnumótunarvinnu varðandi það.

Viðbrögð skólans við Covid og áhrif þess á skólastarfið

Þann 16.mars 2020 lokuðu allir framhalds- og háskólar landsins skv fyrirmælum frá yfirvöldum heilbrigðis- og menntamála. Við tóku undarlegir tímar með mörgum nýjum og sumpart framandi áskorunum. Nær öll kennsla skólans færðist yfir í fjarnámsform og kennarar skólans stóðu frammi fyrir því að tileinka sér ný vinnubrögð og nota nýjar aðferðir til að ná til nemenda sinna. Ferlið gekk mun betur en við hefði mátt búast. Þar um réð mestu að kennarar voru staðráðnir í að láta þetta allt ganga sem best, nemendum sínum til hagsbóta.

Skólastjórnendur héldu fjarfundi daglega, þar sem farið var yfir þau mál sem fyrir lágu. Einnig voru haldnir fundir með ýmsum hópum nemenda og kennara. Áhersla var lögð á að halda nemendum og kennurum upplýstum um þau atriði sem mestu máli skiptu á hverjum tíma. Samspilskennsla, og hljómsveitarstarf lá niðri á frá 16.mars. Meðleikarar skólans gerðu margir upptökur af meðleiknum og sendu nemendum sínum til að þeir gætu haldið áfram að vinna að sínum markmiðum. Fjarnámsvefur skólans var nýttur eins og hægt var, en kennarar nýttu fjölbreytta miðla við kennsluna og til þess að ná til nemenda sinna. Starfið gekk vel þegar á heildina er litið og skólastjórnendur fengu jákvæð viðbrögð frá nemendum og foreldrum. Ástandið sem skapaðist á þessum tíma varð til þess að ákveðinn hópur nemenda gat nýtt tíma sinn betur til æfinga og kom því nokkuð á óvart hversu mörg hljóðfæra- og söngpróf fóru fram í loka annarinnar.

Fræðigreinum og öðrum hóptímum lauk með heimaprófum, ritgerðum og öðrum verkefnaskilum. Kennt var í eina viku í maí, þegar opnað var í húsnæði skólans, og lögð var aðaláhersla á að þeir nemendur sem áttu að brautskrást væru í forgangi, hvað æfingaaðstöðu og aðra þjónustu í skólanum varðaði. Í vikunni þar á eftir fóru fram áfanga- og vörðupróf. Í þeirri viku voru haldin 25 áfangapróf og 22 vörðupróf. Á haustönn voru haldin 17 áfangapróf og 9 vörðupróf, eða alls 42 áfangapróf og 31 vörðupróf á skólaárinu.

Ýmsar skapandi lausnir urðu til í ástandinu sem ríkti á vorönn 2020, og margt af þeirri tækniþekkingu sem við þurftum að hafa á valdi okkar til að þetta gengi allt upp hefur komið okkur til góða þegar ljóst var að skólastarfið 2020-2021 mun litast talsvert af kórónuveirufaraldrinum.

Helstu áherslur í skólaþróun

Stjórnun og skipulag

Endurskipulag skrifstofu:

Nýr skólameistari, Freyja Gunnlaugsdóttir, tók til starfa 1. janúar 2021 og jafnframt var ráðinn nýr aðstoðarskólameistari í klassískri deild í 60% starf frá sama tíma. Starfslýsingar stjórnenda voru uppfærðar, og starfshlutföll endurskoðuð, en mikilvægt er að starfslýsingar endurspegli það raunverulega starf sem unnið er svo að skýrt sé hver sinnir hvaða verkum og til hverra á að leita með ákveðin málefni sem snúa að skólanum.

Starfsáætlun:

Skólastjórnendur unnu þriggja ára starfsáætlun skólans (2021-2024) þar sem skoðaðir voru ólíkir þættir skólastarfsins og mörkuð skýr stefna um þróun skólans á næstu árum.

Stefnumótun var unnin jafnhliða fjárhagsáætlunum fyrir sama tímabil.

Útgáfa ársskýrslu:

Eitt af skilyrðum fyrir viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi er að skólarnir sendi Menntamálastofnun árlega skýrslu um starfsemi skólans. Útgáfu ársskýrslu MÍT var komið í fastan farveg vorið 2021. Í ársskýrslu kemur fram nákvæmt yfirlit um skólaárið og starfsemi

skólans á því tímabili. Skólameistari og áfangastjóri unnu að útgáfu ársskýrslu og að því að koma reglu á sniðmát og útgáfu skýrslunnar.

Samstarf við foreldra og nemendur:

Skólinn stefnir að því virkja nemendur og foreldra enn frekar við stefnumótun í skólastarfi. Mikil áhersla var lögð á að styðja við og vera í góðu sambandi við nemendafélag skólans, en ljóst er að ástandið sem skapaðist vegna COVID-19 hafði mjög hamlandi áhrif á félagsstarf skólans. Foreldrafélag skólans var ekki mjög virkt skólaárið 2020-2021, en stjórnendur skólans binda miklar vonir við að foreldrafélagið muni geta stutt við starfsemi skólans og komið að stefnumótun hans í framtíðinni. Jafnframt reynir skólinn eftir fremsta megni að koma til móts við góðar hugmyndir frá nemendum. Skólinn hefur í hyggju að virkja nemendur og foreldra enn meira í stefnumótunarvinnu m.a. með því að halda opna fundi með hugmyndavinnu um hvað megi betur fara í skólastarfinu. Þar verður óskað eftir og unnið áfram með góðar hugmyndir og að skólaþróun.

Skólaráð:

Skólaárið 2019-2020 var í fyrsta sinn kosið í skólaráð við skólann en í 7. grein laga um framhaldsskóla (nr. 92/2008) segir: „Skólaráð skal vera skólameistara til samráðs og aðstoðar.“ Þar sitja fulltrúar nemenda og kennara auk skólastjórnenda. Skólaráðið var ekki mjög virkt skólaárið 2020-2021, en skólastjórnendur munu leggja áherslu á að virkja ráðið á yfirstandandi skólaári. Hlutverk skólaráðs er að fjalla um starfsáætlun skólans, skólareglur, umgengnishætti og fleira sem snýr að starfsemi skólans og veita skólameistara ráðgjöf og stuðning. Nú þegar ársskýrsla, starfsáætlanir og sjálfsmat skólans eru komin í fastan farveg mun skólaráð geta veitt skólastjórnendum nauðsynlega endurgjöf á þá vinnu.

Sjálfsmat:

Í skólanámsskrá er fjallað um sjálfsmat og sett fram áætlun um það. Þar segir að „tilgangur sjálfsmats sé að stuðla að framgangi markmiða skóla, meta árangur og stuðla að umbótum. Sjálfsmatið skal ná til skólastarfsins í heild, kennslu, stjórnunar, rekstrar, samskipta og annara þátta.“ Þar kemur jafnframt fram að skólameistari hafi umsjón með sjálfsmati og að honum sé heimilt að skipa nefnd kennara sem hafi það hlutverk að vinna sjálfsmatskýrslu (Menntaskóli í tónlist, 2018). Í skólanámsskrá var lagður grunnur að hugmyndafræði sjálfsmatsins og á skólaárinu 2018-2019 var hafist handa við innra mat skóla. Nú gefur skólinn út

sjálfsmatsskýrslu á hverju ári en 3 ára áætlun um sjálfsmat skólans þar sem ólíkir þættir í skólastarfinu verða kannaðir liggur fyrir í starfsáætlun MÍT.

Kennsla og námsframboð

Endurskoðun námsbrauta:

Eftir þriggja ára reynslu af skólastarfi og námsbrautum voru námsbrautirnar skoðaðar heildstætt byggt á þeirri reynslu. Skoða var hvað vel hefur gengið og hvar hægt var að bæta námið og námsbrautirnar svo námið sé í sem bestu jafnvægi og námsframvilda eðlileg. Skólinn vann á vordögum að endurbótum og smávægilegum breytingum á námsbrautunum í góðu samstarfi við Menntamálastofnun.

Endurmenntun/símenntun kennara:

Skólinn hefur ekki birt formlega stefnu um endurmenntun kennara. Skólinn býður kennurum reglulega upp á fræðslu og námskeið í ýmsum þáttum sem snúa að skólaþróun og stuðningu við nemendur. Jafnframt eru kennarar hvattir til að sækja sér endurmenntun og kennarar sem ekki hafa lokið kennaramenntun hafa verið hvattir sérstaklega til að bæta við sig menntun í kennslufræði.

Hér er lykilatriði að stuðla að lærdómsmenningu innan skólans, en það á bæði við um kennara, nemendur og stjórnendur. Hvað kennarana varðar er mikilvægt að þeir vinni saman að því að efla námið með hagsmuni nemenda að leiðarljósi og reyni sífellt að bæta kennsluhætti sína og þekkingu. Hvað stjórnendur áhrærir er mikilvægt að þeir veiti skólasamfélaginu faglega forystu og styðji við endurmenntun og símenntun kennara. Í því efni er bæði mikilvægt að kennarar haldi sér við og sækji sér aukna menntun á sínu sérsviði, en líka að þeir sækji sér aukna menntun á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólinn stefnir að því að móta endurmenntunar/símenntunaráætlun þar sem bæði verður horft til þess að hann bjóði upp á áhugaverð námskeið og fyrirlestra þar sem kennarar geta lært saman og unnið að uppbyggingu skólann. Jafnframt er mikilvægt að kennarar séu hvattir og studdir til þess að sækja sér aukna menntun á sínu sérfræðisviði utan stofnunarinnar og að þeir geti sótt til þess styrki úr starfsmenntunarsjóði FÍH og KÍ.

Notkun á INNU:

Skólinn hafði fram til þessa einungis nýtt sér stjórnandahluta INNU en fékk prufuaðgang að kennslukerfinu á haustönn 2020, og tekin var ákvörðun um að innleiða kennslukerfið að fullu haustið 2021.

Helstu kostir innleiðingar:

- Öll verkefnaskil og próf geta farið fram innan kerfisins og einnig samskipti nemenda og kennara, allt sem áfanganum tengist er því á einum stað
- Hægt að að vista alls kyns námsefni og ítarefni inni á hverjum áfanga fyrir sig. Kerfið tekur við fjölbreyttum skráagerðum
- Hægt að útbúa námsáætlanir sem nemendur hafa auðveldan aðgang að
- Hægt er að þróa prófabanka sem tilheyrir hverjum áfanga fyrir sig
- Foreldrar barna yngri en 18 ára fá aðgang að námi barna sinna, eins og þau hafa rétt til
- Líkur á að upplýsingar týnist milli kerfa verða nánast engar

Fjarnám:

Skólinn hefur boðið upp á fjarnám í bóklegum greinum tónlistar frá stofnun hans. Tekin var ákvörðun vorið 2021 að gera hlé á fjarnámi skólans veturinn 2021-2022 til þess að veita kennurum svigrúm til þess að læra vel á kennslukerfi Innu og í framhaldinu stefna að því að endurskipuleggja fjarnámið, leita leiða til þess að einfalda utanumhald og skýra verkferla.

Kennsluhættir

Stefnt er að því koma á markvissri vinnu milli kennara og nemenda

tengda kennsluháttum. Þetta atriði er mikilvægt og stefnir skólinn að því að ráðast í vinnu með kennurum og nemendum til að vinna að bættum kennsluháttum og skólabrag.

Skólinn byggir á grunni skólanna tveggja sem stóðu að stofnun hans og margir áfanganna hafa tekið litlum breytingum í langan tíma þrátt fyrir stórar kerfisbreytingar og þá staðreynd að nú starfi skólinn sem framhaldsskóli. Stefnt er að því að skoða fræðigreinar heildstætt, bæði hvern áfanga fyrir sig og skólann í heild sinni og vinna saman að því með hópi kennara að yfirfara áfangana, skoða hvað má betur fara og uppfæra áfangana samkvæmt því. Þar er mikilvægt að hafa í huga að skólinn starfar á framhaldsskólastigi og áfangarnir verða að taka mið af því. Í einhverjum áföngum er ennþá verið að kenna efni sem alla jafna er kennt á háskólastigi í tónlist.

Það er líka mikilvægt að hlusta á nemendurna, hvað þau vildu bæta og hvaða hugmyndir þau hafa um námið. Stefnt er að því að nemendur komi í auknum mæli að stefnumótun skólans. Hvað fræðigreinar varðar er mikilvægt að hugsa um hagnýtt gildi þeirra, að þær nýtist þeim í hljóðfæra- og söngnámi og veiti þeim dýpri þekkingu á þeirri tónlist sem þau iðka.

Samskipti og líðan

Menntaskóli í tónlist leggur áherslu á að fylgjast reglulega og markvisst með líðan nemenda, bæði með reglulegum viðtölum við ákveðna nemendahópa, en einnig með reglulegum nemendakönnunum sem sendar eru til allra nemenda skólans á hverri önn.

Skólinn hefur brugðist við ákalli um aukinn stuðning við andlega heilsu nemenda með því að þróa og innleiða lífsleikniáfanga við skólann sem sérstaklega er sniðinn að geðrækt og með þarfir tónlistarnema í huga. Einnig hafa nemendur aðgang að skólasálfræðingi MH, sem jafnframt er kennari lífsleikniáfangans og hefur því ákveðna innsýn í nemendahóp skólans.

Skólinn sérhæfir sig í tónlistarkennslu og hann sameinar vissulega oft nám og áhugamál nemenda. Það er einnig staðreynd að tónlistarnemendur eru oft undir miklu álagi, til þeirra eru gerðar þó nokkrar kröfur um árangur og þeir þurfa margir að takast á við sviðskrekk sem fylgir þeim fjölmörgu tónleikum sem skólinn stendur fyrir. Jafnframt fylgir tónlistarnámi alltaf ákveðið samkeppnisumhverfi sem er mikilvægt að vera meðvitaður um og vinna með á jakvæðan hátt. Það er sjálfsagður partur af tónlistarnámi að takast á við þessar áskoranir og læra að koma fram, en á sama tíma er mjög mikilvægt að skólinn fylgist markvisst með líðan nemenda.

Jafnframt er vonast til þess að foreldrafélag skólans stuðli að opinni og virkri umræðu við foreldra um skólastarfið og hvernig megi hlúa sem best að velferð og líðan nemenda.

Húsnæði og aðbúnaður

Nú starfar MÍT á tveimur stöðum, í Rauðagerði 27 þar sem rytmíska deildin er til húsa og í Skipholti 33 þar sem klassíska deildin og bróðurpartur skrifstofunnar er til húsa. Það að skólinn sé starfræktur á tveimur stöðum hefur í för með sér mikið óhagræði fyrir nemendurnar sem þurfa að koma sér á milli staða, því margir sækja áfanga í báðum deildum skólans. Því til viðbótar kemur að nemendur stúdentsbrautanna sækja nám í bóklegum greinum í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Það getur því komið fyrir að nemendur þurfa að mæta á þrjá staði á sama degi. Allt frá upphafi var stefnt að því að skólinn myndi sameinast undir einu þaki sem fyrst. Fljótlega eftir stofnun skólans var gerð greining á rýmisþörf og hönnuð drög að útfærslu á hentugri skólabyggingu.

Skólastjórnendur hófu á vordögum 2021 óformlegar viðræður við eigindur bakhúss að Skipholti 33 um hugsanlegt samstarf við uppbyggingu og sameiningu deilda skólans í því húsnæði. Sú vinna heldur áfram haustið 2021.

Ráðist hefur verið í úrbætur á aðstöðu kennara skólans í Skipholti 33, en lengi hefur verið kallað eftir úrbótum. Við lok vorannar 2021 var kennarastofa því stækkuð og betrubætt. Einnig var ákveðið að bæta aðstöðu nemenda á 2.hæð.

Lykilárangur

MÍT hefur það að markmiði að undirbúa nemendur á sem bestan hátt undir háskólanám í tónlist og veita þeim staðgóða tónlistarmenntun sem nýtist þeim vel, sama hvað þeir taka sér fyrir hendur. Skólinn leggur sérstaka áherslu á samleik og samvinnu nemenda og leggur sérstaka áherslu á að stuðla að jafnrétti til tónlistarnáms óháð efnahag og búsetu (Menntaskóli í tónlist, 2018). Eins og kemur fram í skýrslu ráðuneytisins um ytra mat frá haustinu 2018 er námið í eðli sínu sérnám fyrir úrvalsnemendur í tónlist og nýtur skólinn þó nokkurrar sérstöðu í hinu almenna framhaldsskólaumhverfi. Stofnun skólans markaði nýtt upphaf í tónlistarmenntun á Íslandi þó að skólarnir sem stóðu að stofnun MÍT eigi sér langa sögu.

Lokaorð

Stofnun Menntaskóla í tónlist var mikilvægt skref í að styrkja framhaldsmenntun í tónlist á Íslandi og stærsta breyting sem hefur orðið í tónlistarmenntun um áratugaskeið. Skólinn byggir á gömlum grunni þeirra rótgrónu skóla sem að skólanum stóðu en samt sem áður markaði stofnun MÍT einnig nýtt upphaf í tónlistarmenntun á Íslandi. Veturinn 2020-2021 var fjórða starfsár MÍT og mikil þróun og uppbyggingarstarf hefur þegar átt sér stað á þessum stutta tíma sem liðinn er frá stofnun hans. Námsframboð hefur aukist til muna og skólinn stendur fyrir ótal opinberum tónleikum á hverju starfsári. Í fyrsta sinn er tónlistarmenntun hluti af almenna skólakerfinu og nú geta nemendur útskrifast með stúdentspróf, með tónlist sem aðalnámsgrein, þar sem tónlistin vegur þyngra en hún hefur áður gert á tónlistarbrautum framhaldsskólanna. Menntaskóli í tónlist var fyrstur skóla til að hljóta viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi til kennslu í tónlist. Það var mjög gagnlegt fyrir skólann að fara í gegnum ytra mat strax á öðru starfsári sínu og niðurstöður þess vísa veginn við

áframhaldandi þróun skólstarfsins. Lokið var við þriggja ára starfsáætlun á vorönn 2021, og ársskýrsla skólans er einnig komin í góðan farveg. Reglulegt sjálfsmat skólans styrkir skólstarfið enn frekar og hjálpar stjórnendum við vinnu að áframhaldandi uppbyggingu skólans.

Heimildir

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna nr. 87/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Aðalnámsskrá framhaldsskóla. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2019). Menntaskóli í tónlist – ytra mat á haustönn 2018. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Menntaskóli í tónlist. (2020). Skólanámsskrá 2020-2021. Reykjavík: Menntaskóli í tónlist.